

Vatnsból Hvanneyrar. Drög að afmörkun
verndarsvæðis

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð ÞHH-98-22

6. febrúar 1998

Vatnsból Hvanneyrar

Drög að afmörkun verndarsvæðis

Þessi stíll er skrifaður til þess að koma til skila nokkrum atriðum er varða vatnsból Hvanneyrar og fleiri bæja í Andakíl og að viðra hugmyndir um afmörkun verndarsvæða umhverfis það. Svæðið var skoðað þann 17. desember 1998, fyrst og fremst með tilliti til áforma um að breyta líttillega vegstæði Skorradalsvegur og hugsanlega malartöku við veginn, en hann liggur skammt sunnan við vatnsbólið. Í ljós kom, að stutt dagstund í skammdeginu dugði undirrituðum ekki til að átta sig almennilega á vatnasvæði lindanna undir Fossamelum og þar með aðrennslisleiðum vatnins. Hér verður fyrst og fremst hugað að allra næsta nágrenni vatnsbólsins (brunnsvæðinu) en umfjöllun um vatnasvæðið almennt (grannsvæði og fjarsvæði) verður að bíða betri skoðunar.

Vatnsból Hvanneyrar er lind undan svokölluðum Fossamelum, en þeir breiða úr sér milli Hestfjalls og Andakíksár. Melarnir eru nálægt 1 km² að flatarmáli, en auk þess hallar að þeim úr lægð, sem gengur norðaustan við Hestfjall. Fossamelar eru í 60 til 70 m y.s. Vesturbrún þeirra er brött, u.þ.b. 25 m há og inn í hana ganga lækjaskorningar.

Rúmlega 200 m norður af núverandi vegi er grunnt lækjar drag. Þar sprettur upp lind, sem um allanga hríð hefur verið vatnsból Hvanneyrar og fleiri bæja. Þann 17. desember 1998 mældist rennsli um yfirfall vera 6 l/s, vatnshiti var 4,1°C, rafleiðni 119 µS og pH 8,9.

Kippkorn norðar gengur annað og stærra gil u.þ.b. 250 m inn í melinn og sveigir þar til suðurs. Á beygjunni er önnur lind, álíka vatnsmikil vatnsbólslindinni. Rennsli virtist vera um 8 l/s, vatnshiti var 4,2°C, rafleiðni 118 µS og pH 7,9.

Nokkrar smáseyrir eru hér og þar undan brekkufætinum, en hvergi er rennsli umtalsvert. Norður undir rótum Hestfjalls er enn gil, en það er að grafið í fast berg og þar er ekkert lindarennisli.

Frost var og snjófól þegar skoðunin fór fram, en áður höfðu verið miklar rigningar. Trúlegt þykir að lindarennislið hafi verið með meira móti þess vegna, altént með tilliti til árstíma. Þann 24. júní 1977 runnu um 20 l/s frá aðallindunum tveim (Guttormur Sigbjarnarson, Hvanneyri. Umsögn um neysluvatnsöflun, OSJKD7714). Líklegt þykir að rennissveiflur geti verið töluvert miklar, en það rennsli, sem nú var mælt er margfalt meira en Hvanneyri og nálægir bæir þurfa á að halda.

Frágangur vatnsbólsins er almennt séð mjög góður. Vatninu er náð í meters víðan brunn úr steinrörum, leysingavatni beint frá og svæðið girt 30 × 30 m girðingu. Uppi á melnum ofan bóls er ræktað tún. Engin hætta er á að yfirborðsvatn komist í bólið og lítil hætta er á að það mengist vegna afrennslis áburðar af túninu, því það er slétt

Aðstæður hér eru í stórum dráttum þær, að ofan á berggrunninum eru efnismikil, laus jarðlög sem hlaðist hafa upp í lok Ísaldar við u.þ.b 60 m hærrí sjávarstöðu er nú er. Fossamelar eru að mestu úr skálaga mól; óseyri, sem fallvötn hafa sett af sér. Mölin tekur vel við úrkomu, sem sígur að miklu leyti ofan í hana og myndar grunnvatn. Bergið undir er í megindráttum þétt og lítt vatnsgeugt. Yfirborð þess er hér afar óslétt. Klapparhryggir með kröppum skorningum á milli eru áberandi í nágrenni melanna. Jafnvel er hugsanlegt, að farvegir séu grafnir í bergið undir mölinni. Þetta óslétta klapparyfirborð ræður líkast til miklu um rennissleiðir grunnvatnsins í mölinnu ofaná. Þannig stýrir "landslag" í berggrunninum því hvar lindirnar góðu koma fram.

Vatnasvið lindanna er fyrst og fremst í melunum ofan þeirra, en nær að einhverju leyti inn með hlíðinni suðaustan í Hestfjalli, en lækurinn, sem þangað teygir sig, tekur þó líklega obbann af því vatni, sem á það svæði fellur. Mér finnst því, og það hefur fleirum fundist, að það vatnasvið, sem sést, sé fulllítið til að standa eitt að baki svo vatnsmikilla linda, eins og koma undan Fossamelunum. Ekki er hægt að útiloka að eitthvað vatn smiti inn á vatnasviðið frá Andakílsá úr suðaustri, þó það sé næsta ólíklegt. Skarð er í bergþröskuldinn skammt neðan við Hálsa og um það gæti borist að grunnvatn frá eyrasvæðinu ofar með ánni og þar með stækkaði aðrennslissvæði lindanna.

Áður en endanlega er gengið frá tillögu um verndarsvæði vatnsbólsins, þyrfti að skoða svæðið á öðrum árstíma, til dæmis á áliðnum vetri og þá væri þarflegt að taka sýni til efnagreiningar. Eins og sakir standa þykir þó vera nokkuð ljóst, að vatnsbólínu stafar lítil ógn af fyrirætlaðri vegagerð og malartekju, eins og hún er sýnd á meðfylgjandi mynd. Rétt er þó að sjálfsögðu að halda öllu jarðraski í algjöru lágmarki. Eins og skerðingin er sýnd á korti Vegagerðarinnar, verður malar-námið nær alveg ofan í brunnsvæðinu og hugsanlega skarar námusvæðið grannsvæðið lítillaga. Sé fullrar varúðar gætt og vélar ekki látnar standa í námunni að óþörfu, þykir ekki ástæða til að amast við efnistöku þarna. Að lokinni vegagerð verður bólið betur varið fyrir hugsanlegri íblöndun óhreininda og yfirborðsvatns en nú er, því þá hefur myndast vel afmörkuð renna meðfram veginum, sem flytur yfirborðsvatn með ákveðnari hætti fram hjá bólinu. Rétt er á hinn bóginn að hætta malartöku úr þeirri námu, sem opin er í lækjardraginu ofar í melnum, því hún er örugglega á aðrennslissvæði vatnsbólsins.

Verndunarsvæði umhverfis vatnsból skiptast í þrennt og eftirfarandi eru bráðabrigðatillögur um legu þeirra:

Brunnsvæði skal girða rammlega og þar á ekki að fara fram nein starfsemi nema sem við kemur rekstri vatnsveitunnar. Umferð um það á að vera í algeru lágmarki og bannað er að geyma þar skaðleg efni.

Aðstæður á brunnsvæðinu eru því nokkuð hagstæðar og eina verulega ógnunin er að mengunaróhapp verði uppi á melnum beint upp af hvamminum. Núverandi girðing er í þrengsta lagi og til að fá viðunandi girðingarstæði er rétt að girða hvamminn af uppi á brúninni. Þannig fengist mjög rífllegt brunnsvæði. Innan girðingar væri þryði af lauftrjám.

Grannsvæði skal almennt séð takmarkast af aðrennslissvæði vatnsbólsins eða hluta þess. Stærð þess ræðst meðal annars af lekt jarðlaga og gróðurþekju og það á að vera nægilega stórt til að mengandi efni í grunnvatni annað hvort eyðist eða þynnist niður fyrir leyfileg mörk á leið sinni til brunnsvæðisins. Á grannsvæði hefur vatnsverndin forgang umfram alla aðra landnotkun. Þar má ekki geyma mengandi efni eða stunda mengandi starfsemi. Á svæðinu þarf að gera viðeigandi ráðstafanir vegna frárennslis frá manna-byggð og skepnuhaldi og ekki skal heimila frekari byggð á því.

Grannsvæði eru melarnir allir ofan vatnsbóls allt austur að klapparhrygg, sem gengur norður frá Hálsu. Syðri mörkin munu væntanlega liggja með þjóðveginum og norður-mörkin austurúr suðurenda Hestfjalls.

Fjarsvæði er sá hluti aðrennslissvæðis sem fjarst liggur vatnsbóli og minni mengunar-hætta er talin stafa frá. Fjarsvæði er bakland grannsvæðisins og þar þarf leyfi til hvers konar athafnasemi.

Má vera að ákvæði þurfi hér að vera eitthvað ákveðnari en almennt gerist á fjarsvæðum eða jafnvel að láta hluta svæðisins njóta grannsvæðisverndunar að einhverju leyti.

Meðfylgjandi eru tvær kortskissur.


Gleðilegt ár,



Verkhreit: a7-50002.DGN

Landmælingar: Vegagerðin
 Hnitakerfi: ÍSN93. Hæðarkerfi Landshæðarnet
 Myndmæling: Ísgraf ehf. 1997 eftir loftmyndum frá ágúst 1997
 Flughæð 3000 m. Möskvastærð 20x20 m
 Kortagerð: Vegagerðin, Jan 98. HSH

F O S S A M E L A R
 Verndarsvæði vatnsbóls
 Brunnsvæði - grannsvæði
 Bráðabrigðamynd des. 1998



FOSSAMELAR

Lausleg yfirlitsmynd um vatnsvernd

- Grannsvæði
- Fjarsvæði